



Leiðsögn

Stjórnarfundur Leiðsagnar 22. febrúar 2024 kl. 18:15.

Mættir: Snorri Steinn Sigurðsson (SSS) formaður, Halldór Kolbeins (HK) varaformaður, Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) gjaldkeri, Hallfríður Þórarinsdóttir (HÞ) ritari, Sigurður Albert Ármannsson (SAÁ) og Jóhanna Magnúsdóttir fyrsti varamaður. Fundurinn er fjarfundur.

Formaður setur fund kl.18:17.

Dagskrá:

1. Félagsskírteini
2. GME fyrirspurnir
3. Félagsfundir

1. Félagsskírteini. – umræður

SAÁ segir erfitt að gefa út mismunandi skírteini fyrir félag Leiðsagnar, þ.e. annars vegar til þeirra sem eru með leiðsögumannapróf frá s.k. „viðurkenndum“ skólum og hins vegar til annarra sem ekki eru með það. Best að hafa eitt skírteini fyrir alla og þeir sem vilja merkja sig sérstaklega geti gert það. Allir, sem hafa greitt í félagið fái þá skírteini.

Formaður segir að sér finnist að félagsmenn verði að hafa greitt e-t lágmarksgjald til að öðlast skírteini. Mætti vera sama og aðildargjald. HK, segir frá því hvernig skírteinismálum er háttað í Blaðamannafélagi Íslands (BÍ). Þar séu allir, sem greiða aðildargjald – milli 50 og 60 þúsund á ári - með samskonar skírteini. Formaður endurtekur það sem hann sagði á fyrri fundi um málið að gömlu félagarnir, sem greiða aðildargjaldið vilji fá gamla skírteinið. SAÁ ítrekar að félagið eigi ekki að gera upp á milli félagsmanna. HÞ minnir á að Leiðsögn sé stéttarfélag fyrst og fremst. JM spyr hvernig eigi að markaðssetja leiðsögunámið ef ekki er komið á móts við þá sem lokið hafa leiðsögunámi. SSS bendir á að ef félagið ætlar aðeins að gefa út eitt skírteini þurfi að endurreisa fagfélagið svo þeir sem hafi fengið gamla skírteinið – sem vísar í leiðsögumenntun – geti þá gefið það út.

Formaður bendir á að frá 202 hafi átt að greiða 25% af aðildargjaldi til fagdeildar en það hafi ekki verið gert. Fyrsta spurning ef á að endurreisa fagfélagið er hvort greiða eigi þessa peninga.

GME: við erum komin að þeim punkti að endurreisa fagfélagið. Hún spyr hvor ekki eigi að vísa þessu máli til trúnaðarráðs. JM: verður að tengja þetta mál í inn í kjaramálin/samninga. Þetta er ofsalega stórt mál. Það eru engin þrep í samningum/launatöflunum. Launatöflurnar eru bara grín. SSS sammála JM um að munur milli þrepa í launatöflunum sé allt of lítill. HK bendir á að allir í BÍ séu með sama passa, blaðamannpassa. Jú launin eru skammarlega lág og það verði að skilja á milli þess að þú sért að vinna sem leiðsögumaður og menntunar þinnar.

GME: einmitt sem HK er að segja. Hærra aðildargjald í BÍ. SAÁ: allt sem við stjórnin/félagið gerir þarf að miða að sameiningu. Mér finnst það ofsaleg vond stefna að flokka þá féлага sem eru í félaginu. Stjórn Leiðsagnar á ekki að íhlutast um hvort einhver býr til annað félag eða – fagfélag – né heldur flokka félagsmenn í hópa.

HK: eitt sem við þurfum að gera okkur grein fyrir er að við getum gert eitthvað núna, en næsta stjórn getur breytt því. Við getum verið gagnrýnd fyrir okkar verk og það er í lagi. En, eitt skírteini þetta árið. HK, vikur af fundi. JM tekur við sem aðalmaður.

Formaður leggur fram tvær tillögur:

Að eitt félagsskírteini sé gert fyrir alla félagsmenn í Leiðsögn sem hafa a.m.k. greitt 10.000 kr. í iðgjöld eða 10.0000 kr. í aðildargjald.

Tillagan er samþykkt með fjórum atkvæðum. GME situr hjá.

Tillaga númer 2:

Að stjórn vísi til trúnaðarráðs umræðu um skjöld og skírteini um faglærðra leiðsögumenn og framtíð fagdeildar/fagfélags.

Tillagan er samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu (SAÁ).

GME leggur fram bókun:

Ég undirrituð GME legg fram eftirfarandi bókun: Að lögð verði áhersla að endurreisa Fagfélag leiðsögumanna, þar sem lögð verður áhersla á menntun leiðsögumanna og kappkostað verður að standa vörð um menntun þeirra.

Guðný Margrét Emilsdóttir

Fyrsta lið á dagskrá hér með lokið.

2. GME fyrirspurnir

GME hefur áhyggjur af kostnaði af kjarabrotamálum og segir að við verðum að marka okkur skýrari stefnu í málum sem lenda hjá lögfræðingum.

Formaður leggur til að stjórn fái tíma til næsta fundar til kynna sér þetta betur sem GME leggur fram. Það er samþykkt.

3. Félagsfundir.

Félagsfundir um menntamál sem átti að vera 16. mars er frestað. Formaður spyr GME hvort fundurinn sem hún bað um að yrði haldinn þann 7. mars vegna umræðna um hugsanlega sameiningu Leiðsagnar við annað/önnur stéttarfélög yrði haldinn þá. Svar GME er nei, honum er frestað þar til seinna í mars.

Önnur mál

GME spyr hvenær eigi að halda félagsfund um kjarasamningana. Formaður spyr hvað hún eigi við hvort hún sé að vísa til fundar sem haldinn var í fyrra – við síðustu samningagerð. Hún segir já. Formaður bendir á að sá fundur hafi verið illa sóttur og farið í mikið tuð.

Bókun frá GME:

Ég undirrituð GME, legg fram eftirfarandi bókun: Að stjórn kappkosti að vinna eins fljótt og auðið er úr kjarabrotamálum. Að fyrir liggi verkferlar sem taki á kjarabrotamálum félagsmanna; að hve miklu leyti tekur Leiðsögn þátt í lögfræðikostnaðnum ef mál félagsmanns ratar til lögfræðings? Málskostnaður hver tekur hann á sig? Hversu mikil er þátttaka Leiðsagnar í öllum þeim kostnaðarliðum sem verða til þegar gróft launabrot á sér stað og eina leiðin eru lögfræðingar og dómstólar.

Guðný Margrét Emilsdóttir

Undir önnur mál var stuttlega rætt um trúnaðarmál vegna útgáfu handbókar.

Fundi slitið kl. 19:12